

# Starfsumhverfi vefstjóra

Um niðurstöður netkönnunar

SKÝ- Faghópur um vefstjórnun

23. september 2015

Sigurjón Ólafsson

@sigurjono

# VEFSTJÓRASTARFIÐ ÓRÆÐA

- Heimilislæknir hins stafræna heims?
- Altmúligmaður?
- Þúsundþjalasmiður?
- Einhyrningur?
- Efnisinnsetjari?
- Veftæknir?
- Framkvæmdastjóri rafrænna samskipta?

Veit mamma ykkar hvað þið gerið á daginn?

# UM KÖNNUNINA

**Unnið af:** Faghópur um vefstjórnun hjá SKÝ

Deilt fyrst og fremst í gegnum Facebook grúbbur, SKÝ ráðstefnutilkynningu og tengslanet faghópsmeðlima

**Hvenær:** 17. til 21. september 2015

**Spurningar:** 14 spurningar (ein opin, ein ómarktæk)

**Fjöldi:** 111 svör


# AF HVERJU KÖNNUN?

- Ókannaður akur
- Forvitni
- Kanna starfsumhverfi vefstjóra
- Auka umræðu um starfið
- Efla virðingu og vitund stjórnenda og almennings

# KONUR FREKAR EN KARLAR

## Q1 Kyn


Answered: 111 Skipped: 0




# REYNSLUBOLTAR

## Q2 Aldur

Answered: 111 Skipped: 0



# LANGSKÓLAGENGIÐ FÓLK




**Annað:** Margmiðlun / lönmeistari / Ótal námskeið /  
Námskeið í kerfisstjórnun / Diplómanám frá EHÍ

# VEFSTJÓRI EÐA VERKEFNASTJÓRI

## Q4 Starfsheiti

Answered: 94 Skipped: 17






# AÐRIR STARFSTITLAR

Markaðsstjóri / Vefritstjóri og upplýsingafulltrúi /  
Deildarstjóri / Kynningar- og markaðsstjóri /  
Forstöðumaður / Kynningarfulltrúi /  
Sérfræðingur / Grafíker /  
Vef- og viðmótssérfræðingur /  
Director Digital CorpCom / Vef- og verkefnastjóri  
/ Þjónustufulltrúi / Tölvu- og vefumsjón /  
Markaðs- og upplýsingafulltrúi /  
Director of Ecommerce

# EKKI ERU ALLIR EINMANA

## Q6 Fjöldi stöðugilda í vefmálum í fyrirtækinu


Answered: 111 Skipped: 0



# PRÍVAT, RÍKI, HÁLFOPINBER...

## Q7 Vinnustaður


Answered: 108 Skipped: 3



**Annað:** Sjálfseignarstofnun (2) / Lífeyrissjóður

## Q8 Hvaða verkefnum sinnir þú í starfinu?

Answered: 111 Skipped: 0




# ÖNNUR VERKEFNI VEFSTJÓRA

Upplýsingagjöf til almennings -  
Almenn markaðsmál - Sjálfsafgreiðsla -  
Leitarvélabestun - Skjákerfi - App -  
Rafræn markaðssetning - Starfsmannaskjáir -  
Vefverslun - Auglýsinga- og markaðsstörf -  
Ljósmyndun - Offline fréttabréf innanhúss -  
Auglýsingaskjáir - Prentvinnsla -  
SMS - Markpóstur

# STUTT Í FORSTJÓRANN?

## Q9 Staðsetning í skipuriti

Answered: 89 Skipped: 22




**Annað:** Fræðslu- og miðlunardeild / Vörustýring / Yfirstjórn / Gæðastjórnun / Stoðdeild / Upplýsingamiðstöð / Þjónustu- og samskiptadeild / Sala / Rekstrar- og þjónustudeild / Upplýsinga- og vefdeild / Nýmiðladeild / Rekstrardeild / Sala og þjónusta

# LÍKLEGA ÞAÐ MIKILVÆGASTA?

Q10 Upplifir þú stuðning / skilning stjórnenda við vefmálin?


Answered: 111 Skipped: 1



# MEIRIHLUTI EN EKKI NÓGU GOTT

Q11 Eru vefmálin með fast fjármagn í þínu fyrirtæki?

Answered: 110 Skipped: 1






# MENNT ER MÁTTUR

Q12 Hvernig hefur þú styrkt þekkingu þína í faginu sl. 2 ár?

Answered: 111 Skipped: 0




**Annað:** Námskeið hjá Hugsmiðjunni / Tengslanet

# FRÁBÆRT STARF: 9 AF 10 ÁNÆGÐIR

## Q13 Ertu ánægð/ur í starfi?

Answered: 110 Skipped: 1



# EITTHVAÐ AÐ LOKUM?

Hver er upplifun þín af starfinu?

Finnst þér starfsheitið rétt?

Finnst þér þú hafa næga þekkingu til að sinna því?

Segðu okkur þína skoðun. Þú hefur orðið :)

**43 tjáðu sig - oft í löngu máli**

# GULLKORN #1

Stundum er eins og stjórnendur fyrirtækja haldi að þeir geti fengið allt í sama einstaklingnum, forritara, hönnuð, textasnilling, myndasmið, þjónustuborð. Myndi þiggja þessa ofurkrafta alla saman ef það er hægt.

# GULLKORN #2

... Tók eftir því í VR blaðinu í morgun að starf vefstjóra er ekki undir floknum stjórnendur sem ég tel vera áhugavert, en ég vinn sem stjórnandi í mínu fyrirtæki og ber ábyrgð á mínu sviði og málum því tengdu. Viðmið launa hjá VR eru því lægri en þau ættu að vera... menntun skiptir þó mestu máli og mín háskólamenntun sem upplýsingafræðingur og upplýsingaarkitekt hefur verið góður grunnur að uppbyggingu á mínu starfi og þróun þeirra vefsíða sem ég ber ábyrgð á.

# GULLKORN #3

Starfið er flókið samspil efnisstjórnunar og tæknistjórnunar (grunnþekking á umhverfi tækninnar, virkni samfélagsmiðla o.þ.h), ef vel á að vera. Einnig þarf vefstjóri að kunna vel þann business sem fyrirtækið starfar í, til að vita hvaða þarfir þarf að leysa fyrir fyrirtækið og geta brúað bilið milli fyrirtækisins/stofnunarinnar og notenda sem þetta allt er jú gert fyrir.

# GULLKORN #4

Í rauninni hef ég ekki næga tæknilega þekkingu til að sinna starfinu vel. Vefirnir eiga meira og betra skilið. Það þarf að vera aðili sem er eingöngu að sinna vefmálum svo vel sé að hlutunum staðið. Sá aðili þarf hinsvegar að vera til í að setja á sig ýmis gleraugu. Held að margir átti sig ekki á því hversu fjölbreytt þetta starf er. Vinna við vef verður að vera unnin í samvinnu við aðrar deildir fyrirtækisins og í eins góðri sátt og hægt er. Annars mun vefurinn aldrei ná að endurspeglar fyrirtækið. Vefstjóri verður að hafa góða yfirsýn yfir verkefnin, hafa framtíðarsýn og áhuga á þróun, vera góður í samskiptum og hafa auga fyrir framsetningu efnis og hönnun.

# GULLKORN #5

Starfið er gríðarlega fjölbreytt og skemmtilegt en um leið krefjandi. Sérstaklega í ljósi þess að starfsmenn skilja ekki endilega hversu viðamikilið og margslungið þetta starf er. Jafnframt er það skemmtileg áskorun að tækla skoðanir starfsmanna (allir eru þeir jú vefstjórar :) .... Skilningur stjórnenda eykst jafnframt ár frá ári um mikilvægi vefsins og gildi þess hve öflugt tæki vefurinn er í snertingu fyrirtækisins við notendur og því má segja að framtíðin sé björt.



# GULLKORN #6

Starf mitt er ekki skilgreint sem vefstjórarstarf en engu að síður hef ég það hlutverk, ásamt öðrum hlutverkum er varða vefinn sem væru á hendi fleiri starfsmanna hjá stærri stofnun eða fyrirtæki. Starfstíll minn er verkefnastjóri enda sinni ég fleiru en vef-, kynningar- og auglýsingamálum. Af þessum sökum er áherslan á vefmálin kannski ekki nógu skýr þótt þau séu meginstarfssvið mitt. Hvað þekkingu varðar þá er svarið nei. Ég vildi fá mun fleiri tækifæri til endurmenntunar og starfsþróunar.

# GULLKORN #7

Starfið er mjög fjölbreytt og skemmtilegt og tel ég mig hafa góðan bakgrunn til að sinna því. Ég myndi hins vegar vilja vefstjórnendánám á háskólastigi hér á landi. Ég veit ekki hvort það er starfsheitið, eða hvernig við vefstjórar markaðssetjum heitið, en það eru mjög fáir sem átta sig á í hverju starf mitt sem vefstjóri felst. Mjög margir halda að ég sjái um efnisinnsetninguna eingöngu, en átta sig ekki á öllum hinum verkefnum sem felast í starfinu.

# GULLKORN #8

Mér finnst við vefstjórar sem vinnum við fagið og lífum og hrærumst í þessum heimi þurfum að styrkja okkur og starfið og aðgreina okkur frá "vefstjórum" sem setja inn frétt einu sinni í viku eða sjaldnar og sinna þessu með öðrum störfum og kalla sig "vefstjóra". Upphefjum starfið :-)

# GULLKORN #9

Þetta starfsheiti á í rauninni ekki við því maður er orðinn ákveðið powerhouse af upplýsingum og þekkingu en er enn "bara vefstjóri" á markaðsdeild. Mér finnst að þessi málaflokkur megi fá meira vægi innan fyrirtækja. Titillinn vefstjóri á ekki við í þessu starfi þar sem að allir þeir vefstjórar sem ég þekki eru að vinna við miklu meira en bara vefinn sjálfan...

# GULLKORN #10

Þúsundþjalasmiður / altnuligmand  
væri réttara heiti.

# HINN DÆMIGERÐI VEFSTJÓRI

Kona á fimmtugsaldri, með háskólapróf, er með starfsheitið vefstjóri í markaðs- og samskiptadeild í einkafyrirtæki þar sem hún fær góðan stuðning við vefmálin en strögglar við að fá eyrnamerkt fjármagn fyrir vefinn.

Mestur tími hennar fer í að stýra vefnum frá degi til dags, móta stefnu fyrir vefinn, annast verkefnastjórn, sinna ritstjórn, vefgreiningum og grípa í myndvinnslu. Hún sinnir eigin endurmenntun með lestri bóka og fróðleiks á netinu auk þess sem hún fer reglulega á hádegssiverðarfundum SKÝ.

Og meðalvefstjórinn okkar er ánægð í starfi. Næstum því mjög ánægð.

**Takk fyrir að taka þátt!**

**Sigurjón Ólafsson**  
sjon@funksjon.net  
s: 666 5560  
funksjon.net